


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>MYL 603</b> <b>Vorönn 2013</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Borghildur Ína Sölvadóttir, <a href="mailto:ina@vma.is">ina@vma.is</a> , sími 8671267 Viðtalstími: Mánudaga kl 12:30 – 13:10	<b>Sk.st.</b>	BÍN
----------------	---	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

**Markmiðið er að nemandinn:**

- hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

**Námsgögn:** Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

**Efni:** Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

**Áætlun um yfirferð:**


Verkáætlun: Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

Dag- og/eða skissubók: Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

Umræður: Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl hjá kennara (sjá töflu).

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	<b>MYL 603</b> <b>Vorönn 2013</b>	

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
2	9. janúar	Fundur + Skipulagning viðtala	11	11. - 15. mars	Einstaklingsviðtöl
3	14. - 18. janúar	Einstaklingsviðtöl <i>Skil á verklýsingu</i>	12	18. - 22. mars	Einstaklingsviðtöl
4	21. - 25. janúar	Einstaklingsviðtöl	13	25. - 29. mars	PÁSKAFRÍ
5	28. jan – 1. feb	Einstaklingsviðtöl	14	3. apríl	Fundur + Skipulagning sýningarundirbúnings
6	6. febrúar	Fundur + Yfirferð	15	10. apríl	Skila skal fullkláruðu verki Yfirferð + sýning undirbúin
7	11. - 15. febrúar	Einstaklingsviðtöl	16	19. - 21. apríl	Sýning + Yfirferð með prófdómurum
8	18. - 22. febrúar	Einstaklingsviðtöl	17	22. - 26. apríl	
9	25. feb – 1.mars	Einstaklingsviðtöl	18	30. apríl	Skila skal greinargerð, dag-/skissubók og ferilmöppu
10	6. mars	Fundur + Yfirferð			

#### Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
Vinnuáætlun	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
Dag-/Skissubók	Dagbókarfærslur og skissur yfir vinnu nemandans	5%
Ferilmappa og greinargerð	Öll þróunar-, skissu- og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt	10%
Sýningarundirbúningur	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	25%
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennarbrautarinnar	50%

*Effir prófsýnidag geymir skólinn ósött verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.*

#### Með fyrirvara um breytingar.

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils